



Menntaþing haldið 12. september

Þann 29. maí samþykkti Alþingi ný lög um leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og menntun og ráðningu kennara og skólástjórnenda. Í þessum lögum birtist heildstæð stefnumörkun um menntun íslenskra barna og unglinga allt frá leikskóla að háskóla.

Af því tilefni hef ég ákveðið að efna til Menntaþings föstudaginn 12. september 2008. Þingið verður haldið í Háskólabíói og á Radisson SAS (Hótel Sögu) í Reykjavík og stendur frá kl. 9 til 16.

Markmið með Menntaþinginu er að skapa vettvang til þess að fjalla um nýja menntastefnu og hvernig henni verður hrundið í framkvæmd með innleiðingu laganna og nýjum námskrám.

Kynningar og umræður á Menntaþinginu munu höfða til kennara, nemenda og skólástjórnenda auk foreldra og annarra sem áhuga hafa á menntamálum. Á þinginu

verða fyrirlestrar sem varða nýja menntastefnu og veita yfirsýn yfir helstu þætti hennar. Einnig verða málstofur um einstök málefni þar sem gert er ráð fyrir virkri þátttöku þinggesta.

Menntamálaráðuneyti vekur hér með athygli á Menntaþinginu og hvetur fulltrúa skóla og hagsmunaaðila til þátttöku. Dagskrá verður kynnt síðar.

Bent er á að nýju lögin verða innan skamms aðgengileg á vefsvæðinu nymenntastefna.is. Hér verður einnig að finna ýmis önnur gögn sem tengjast Menntaþinginu og nýrri menntastefnu.

100 ár frá stofnun Kennaraskóla Íslands

Þann 7. júní sl var haldin hátíð í Borgarleikhúsinu í tilefni af því að liðin eru hundrað ár frá setningu fyrstu fræðslulaga og stofnun Kennaraskóla Íslands, síðar Kennaraháskóla Íslands. Ávörp héldu Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands og Ólafur Proppé rektor Kennaraháskóla Íslands. Þennan dag brautskráðust ennfremur fyrstu – og síðustu – [doktorarnir](#) frá Kennaraháskóla Íslands og [heiðursdoktorar](#) voru tilnefndir.

Í [ávarpi](#) sínu lagði menntamálaráðherra áherslu á að nú, líkt og fyrir 100 árum, stæði íslenska þjóðin á tímamótum í löggjöf um formlega skólagöngu íslenskrar æsku og menntun kennara. Í nýjum lögum um menntun og ráðningu kennara væri lagður grunnur að mikilvægum breytingum á kennaramenntun og starfsumhverfi kennarastéttarinnar og gerðar auknar kröfur til starfsmenntunar kennara. Í ávarpinu sagðist Þorgerður Katrín ennfremur vonast til að þær breytingar sem nú eru að verða á íslensku menntakerfi og menntun kennara muni vera jafn mikill drifkraftur fyrir íslenskt samfélag og þær umbætur sem gerðar voru fyrir hundrað árum.

Aðalnámskrá framhaldsskóla - bygginga- og mannvirkjagreinar

Drög að nýrri aðalnámskrá í bygginga- og mannvirkjagreinum verða til kynningar á vefsvæði menntamálaráðuneytis:

www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar//nr/306 til 23. júní 2008.

Á þeim tíma gefst hagsmunaaðilum og almenningi kostur á að senda athugasemdir og ábendingar um námskrána í heild eða einstaka þætti hennar til menntamálaráðuneytisins, Sölvhólsögðu 4, 150 Reykjavík. Einnig er hægt að senda athugasemdir á netfangið namskra@mrn.stjr.is.

Vorfundur Vísinda- og tækniráðs



Vorfundur [Vísinda og tækniráðs](#) var haldinn 2. júní s.l. í Ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu. Formaður Vísinda- og tækniráðs, Geir. H. Haarde forsætisráðherra, setti fundinn og ræddi m.a. mikilvægi þess að Íslendingar héldu áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið á sviði vísinda, tækni og nýsköpunar.

Á fundinum voru samþykktar þrjár tillögur. Sú fyrsta fjallaði um [nýja markáætlun á sviði vísinda og tækni fyrir árin 2009-2015](#) sem hefur það meginmarkmið að skapa möguleika á nýjum lausnum í rannsóknum og nýsköpun með áherslu á faglega breidd þvert á fræðasvið og virkt samstarf milli háskóla, stofnana og fyrirtækja. Þá samþykkti ráðið að sett verði á fót sérstök nefnd sem hafi forystu í gerð vegvísis um uppbyggingu innviða til rannsókna hér á landi. Að lokum var samþykkt tillaga um bættar áherslur í skipulagi vísinda- og tæknimála og að stofnaður verði samráðshópur sem liti til reynslunnar af lögum frá 2003 um opinberan stuðning stjórnvalda við vísindarannsóknir og tæknipróun.

Ráðsmenn lýstu yfir ánægju með tillögurnar og töldu jafnframt að í þeim fælist mikil ögrun og mikilvægt væri að vel tækist til með framkvæmd þeirra.

